

**Styrktarsjóðir Háskóla Íslands,
sameiginlegur ársreikningur**

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	8
Sameiginlegur rekstrarreikningur	10
Sameiginlegur efnahagsreikningur	11
Sameiginlegt sjóðstreymi	12
Skýringar	13

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands
Kennitala 571292-3199
Sæmundargata 2, 101 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fjórutíu og sjö sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Sjóðir og gjafir Styrktarsjóða Háskóla Íslands hafa verið mun fleiri frá upphafi en reglulega er farið í gegnum sjóðasafnið og sjóðir lagðir niður eða sameinaðir þegar ástæða þykir til. Þetta var síðast gert árið 2018 og þá fækkaði um átján sjóði. En síðan þá hefur þeim fjölgað aftur. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda eða starfsmanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrirtækið PwC og fyrir hönd þess Valgerður Kristjánsdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið í miðlægrri stjórnsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá ársbyrjun 2012. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, prófessor við Viðskiptafræðideild, Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, lögfræðingur og deildarstjóri nýsköpunar, og Jóhann Ómarsson viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin var endurskipuð með sömu stjórnarmönnum árið 2022 en Valgerður Sólves tók sæti Ólafar Vigdísar í lok árs 2023. Skipunartími stjórnar er þrjú ár og rennur út 31. desember 2025.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2023:

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum.

Á árinu sóttu Styrktarsjóðir Háskóla Íslands um skráningu fyrir 10 sjóði á Almannaheillaskrá. Sjö sjóðir fengu skráningu á Almannaheillaskrá; Ingjaldssjóður, Styrktar- og rannsóknarsjóður Þuríðar J. Kristjánsdóttur, Menntasjóður Hugvísindasviðs, Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, Doktorssjóður Styrktarsjóða HÍ, Verðlaunasjóður Sigurðar Helgasonar og Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar. Ríkisskattstjóri hafnaði umsóknum þriggja sjóða: Eggertssjóðs, Watanabe styrktarsjóðsins við HÍ og Rannsóknarsjóðs Össurar og Ottobock. Verið er að skoða og finna lausnir til þess að hægt verði að fá fleiri sjóði undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands skráða á Almannaheillaskrá.

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu:

- Í janúar voru veittir þrír styrkir til verkefna og rannsókna í félagsráðgjöf úr Vísindum og velferð: Styrktarsjóði Sigrúnar og Þorsteins. Styrkhafar voru doktorsnemarnir Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir og Sirrý Sif Sigurlaugardóttir og meistaraneminn Davíð Alexander Östergaard. Heildarupphæð styrkja nam 4.850.000 króna.
- Í febrúar var stofnaður nýr sjóður undir hatti Styrktarsjóða HÍ, Sagnfræðisjóður Aðalgeirs Kristjánssonar. Sjóðurinn er kenndur við Aðalgeir Kristjánsson og byggist á gjöf hans til Háskóla Íslands. Sjóðurinn hefur það markmið, samkvæmt erfðaskrá Aðalgeirs, að rannsaka hina sérstöku og sjálfsprottnu alþýðumenningu í Þingeyjarsýslu sem þar varð til á síðari hluta 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu, rætur hennar, einkenni, vöxt hennar og viðgang. Stofnfé sjóðsins var 50.000.000 kr.
- Doktorsnemarnir Freyja Jónsdóttir, Krístrún Ýr Holm og Oddný Björgvinsdóttir, sem starfa við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, hlutu viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala við Háskóla Íslands í mars. Rannsóknir þeirra snúa að fjöllyfjameðferð og lyfjatengdum skaða, bættri greiningu á brjóstakrabbameini og rannsóknum á gervi-utanfrumuvef til notkunar í hjarta- og æðalækningatækjum. Heildarstyrkupphæð nam 1.200.000 krónum.
- Í mars hlaut Sema Erla Serdaroglu, aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, styrk úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar við Háskóla Íslands til rannsóknar á einelti, kynþáttahyggju og menningarfordómum. Styrkurinn nam 1,5 milljónum króna.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Í mars var veittur styrkur úr Almanakssjóði Háskóla Íslands til að festa kaup á safni Íslandsalmanaks – Almanaki Háskóla Íslands – frá upphafsárinu 1837 allt til ársins 1874. Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur hlaut styrkinn að upphæð 155.000 krónur.
- Í mars voru veittir tólf styrkir úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til verkefna sem öll miða að því að efla íslenska tungu á tímum hraðra tæknibreytinga. Styrkirnir renna til fræðimanna og nemenda við Háskóla Íslands sem vinna að fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum sem snúa að stöðu íslenskrar tungu í samtímanum. Styrkhafar voru: Ásdís Ósk Jóelsdóttir, lektor í textíl og hönnun við Menntavísindasvið, Ásta Kristín Benediktsdóttir, lektor í íslenskum samtímabókmenntum, Branislav Bédi, verkefnisstjóri við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Dagbjört Guðmundsdóttir, doktorsnemi í íslenskri málfræði, og Védís Ragnheiðardóttir, doktorsnemi í íslenskum bókmenntum, Elisa Johanna Piispa, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskólans, Halldór Geirsson, dósent í jarðeðlisfræði, og Páll Einarsson, prófessor emeritus í jarðeðlisfræði, Jón Karl Helgason, prófessor við Íslensku- og menningardeild, Daisy L. Neijmann, aðjunkt við Íslensku- og menningardeild, og Silvia Cosimini, þýðandi og stundakennari við Háskólann í Milánó og Háskólann í Bologna, Kristján Árnason, prófessor emeritus í íslensku, Margrét Guðmundsdóttir, málfræðingur og verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Rósa Elín Davíðsdóttir, aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands og orðabókarritstjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Steinunn Rut Friðriksdóttir, doktorsnemi í tölvunarfræði með áherslu á máltækni við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Þuríður Ósk Sigurbjörnsdóttir, meistaranemi í ritlist við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs og Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir, orðabókarritstjórnar hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Heildarupphæð styrkja nam 14.590.000 krónum.
- Í apríl hlutu fimmtán nemendur og fræðimenn við Háskóla Íslands og japanska háskóla styrk úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2022-2023, ýmist styrki til náms- eða rannsóknadvalar og er það í samræmi við markmið Watanabe-styrktarsjóðsins sem hefur frá árinu 2011 styrkt gagnkvæm fræðileg tengsl Íslands og Japans. Nemendur Háskóla Íslands sem hlutu styrk til náms í Japan: Anna Ingolfovna Skúlason, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Waseda-háskóla, Eva Bryndís Ágústsdóttir, BA-nemi í fornleifafræði, hlaut styrk til náms við Kyoto-háskóla, Glúmur Björnsson, MS-nemi í jarðfræði, hlaut styrk til náms við Kochi-háskóla, Jake Markert, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Iwate-háskóla, Mika Portugaise, MS-nemi í umhverfis- og auðlindafræði, hlaut styrk til náms við Tókýóháskóla, Páll Steinar Sigurðsson, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Iwate-háskóla, Rebekka Hlín Rúnarsdóttir, nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kochi-háskóla, Vivien Nagy, doktorsnemi í lyfjavísindum, hlaut styrk til rannsóknardvalar við Innovation Center of Nanomedicine (iCONM) í Kawasaki og Ingibjörg Björgvinsdóttir hlaut styrk til doktorsnáms við Tokyo University of Marine Science and Technology. Japanskir nemendur sem hlutu styrk til náms við Háskóla Íslands: Anna Kodama, BA-nemi í stjórnmálafræði við Gakushuin-háskóla, Asuka Nakashizu, BA-nemi í sagnfræði við ICU-háskóla og Malina Ueda, meistaranemi í víkinga- og miðaldafræðum við Háskóla Íslands. Íslenskir fræðimenn sem hlutu styrk til rannsóknadvalar í Japan: Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, hlaut styrk til dvalar við Kyoto-háskóla og AIST-stofnunina og Már Músson, prófessor í lyfjafræði, hlaut styrk til dvalar við Innovation Center of Nanomedicine (iCONM) í Kawasaki. Japanskur fræðimaður sem fær styrk til rannsóknadvalar við Háskóla Íslands: Katsumi Doi, prófessor í sameindaerfðafræði við Kyushu-háskóla. Samanlögð styrkupphæð úr sjóðnum nam tæplega 11 millíónum króna.
- Í apríl hlaut Birna Bjarnadóttir, rannsóknasérfræðingur við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands, styrk úr Sjóði Páls Guðmundssonar til útgáfu bókar sinnar „Menning við ysta haf“. Styrkupphæð var 2.000.000 króna.
- Í maí var veittur úr Menningar- og framfarasjóði Ludvig Storr til doktorsrannsóknar sem miðar að því að greina og uppræta fordóma í mállíkönunum. Styrkurinn var auglýstur ásamt öðrum doktorsstyrkjum Háskóla Íslands og styrkhafi var Steinunn Rut Friðriksdóttir, doktorsnemi hjá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Steinunn hlaut tveggja ára styrk að upphæð 10.200.000 krónur en styrkgreiðslur hófust 1. desember 2023.
- Í maí hlaut Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Deild kennslu- og menntunafræða á Menntavísindasviði HÍ, styrk úr Íslenskusjóði fyrir rannsóknarverkefnið Íslenskur námsorðaforði og stigvaxandi fjölbreytni íslenskrar tungu: Námsfni og kennsluhættir með fjöltyngdum grunnskólanemendum. Styrkupphæð var 3.000.000 króna.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Í maí voru veittir tveir styrkir úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur við Háskóla Íslands til rannsókna sem tengjast stoðkerfissjúkdómum. Styrkhafar voru Halldór Jónsson jr., prófessor í bæklunarskurðlækningum við HÍ og yfirlæknir bæklunarskurðeildar Landspítala (LSH), Ágúst Ingi Guðnason, sérnámslæknir í bæklunarskurðlækningum við LSH, Elías Þór Guðbrandsson, sérfræðilæknir í bæklunarskurðlækningum við LSH, og Mariella Tsirilaki, sérfræðilæknir í myndgreiningu við LSH. Heildarupphæð styrkja nam 800.000 krónum.
- Í maí voru veittir þrír styrkir úr Minningarsjóði Aðalsteins Kristjánssonar við Háskóla Íslands til rannsókna í raunvísindum. Styrkhafar voru Daniel Ben-Yehoshua, doktorsnemi í umhverfisfræði, Nína Aradóttir, doktorsnemi í jarðfræði, og Tatiana Marie Joséphine Marchon, doktorsnemi í líffræði. Heildarupphæð styrkja nam 3 milljónum króna.
- Í maí voru veittir sextán nemendur og fræðimenn við Háskóla Íslands og sex japanskir nemendur og fræðimenn fá styrk úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands í ár. Markmið sjóðsins er að styrkja fræðileg tengsl milli Háskóla Íslands og Japans. Sjóðurinn grundvallast á fimm milljóna bandaríkjadala gjöf frumkvöðulsins og Íslandsvinarins Toshizo Watanabe til Háskóla Íslands, en um er að ræða eina stærstu peningagjöf sem einstaklingur hefur fært skólanum. Nemendur Háskóla Íslands sem hljóta styrk til námsdvalar í Japan: Abel Haukur Guðmundsson, MS-nemi í tölvunarfræði, hlaut styrk til náms við Kyoto-háskóla. Auður Gréta Þórisdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kwansei Gakuin háskóla, Daníel Óskarsson, MS-nemi í lyfjafræði hlaut styrk til náms við Innovation Center of Nanomedicine (iCONM) Kawasaki, Esja Sigurðardóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Seikei-háskóla, Esther Mee Hwa Herman, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Gakushuin-háskóla, Freydis Xuan Li Hansdóttir, BS-nemi í hugbúnaðarverkfræði, hlaut styrk til náms við Kyoto-háskóla, Han Xiao, doktorsnemi í líffræði, hlaut styrk til rannsóknardvalar við Kyoto-háskóla, Jowita Magdalena Kumek, doktorsnemi í jarðvísindum, hlaut styrk til rannsóknardvalar við Kochi-háskóla, Ingibjörg Björgvinsdóttir, MS frá HÍ, hlaut styrk til doktorsnáms í líffræðilegri haffræði við Tokyo University of Marine Science and Technology, Patrik Snær Kristjánsson, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Osaka Gakuin háskóla og Svandís Rafnsdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, hlaut styrk til náms við Kansai Gaidai háskóla. Japanskir nemendur sem hljóta styrk til náms við Háskóla Íslands: Ai Katabe, BA-nemi í félagsfræði við ICU, Asuka Nakashizu, BA-nemi í sagnfræði við ICU, Haruhiko Fukuhara, BA-nemi í íslensku sem öðru máli við Tokyo-háskóla, Mashiho Kaneko, MA-nemi í enskum samanburðarbókmenntum við Waseda-háskóla og Mayu Tomioka, MA-nemi í alþjóðlegu námi í menntunarfræði við Háskóla Íslands. Fræðimenn við Háskóla Íslands sem fá styrk til rannsóknadvalar í Japan: Charla Jean Basran, nýdoktor í sjávarlíffræði, hlýtur styrk til dvalar við Kobe-háskóla, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í næringarfræði, hlýtur styrk til dvalar við Kyoto Medical Centre, Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, hlýtur styrk til dvalar við Tokyo-háskóla, Svala Guðmundsdóttir, prófessor í viðskiptafræði, hlýtur styrk til dvalar við Doshisha-háskóla og Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði, hlýtur styrk til dvalar við Waseda-háskóla. Japanskur fræðimaður sem fær styrk til rannsóknadvalar við Háskóla Íslands: Hiroshi Tamura, prófessor í efnafræði við Kansai-háskóla. Samanlagt nam styrkupphæðin í ár 17,4 milljónum króna.
- Í júní var veitt viðurkenning úr Nýsköpunarsjóði dr. Þorsteins Inga Sigfússonar við Háskóla Íslands. Viðurkenninguna hlaut fyrirtækið Atmonia ehf. og Helga Dögg Flosadóttir, rannsóknarstjóri Atmonia, tók við viðurkenningunni. Upphæð 500.000 krónur.
- Í júní voru veittir þrír styrkir til doktorsnema úr Menntasjóði Hugvísindasviðs Háskóla Íslands til að leggja lokahönd á doktorsverkefni. Styrkhafar voru Pontus Erik Gunnar Järvstad, doktorsnemi í sagnfræði, Rósa María Hjörvar, doktorsnemi í almenntri bókmenntafræði, og Sýlvía Marsibil Bates, doktorsnemi í sagnfræði. Markmið sjóðsins er að styrkja doktorsnema við deildir Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkja nam 2.100.000 krónum en styrkirnir eru greiddir í tvennu lagi og skiptast í kr. 500.000 við staðfestingu styrks og kr. 200.000 þegar doktorsnemi hefur/er rétt við að ljúka doktorsrannsókn sinni.
- Í júní hlutu þrjú verkefni styrk úr Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli við Háskóla Íslands. Styrkhafar voru Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Birna Bjarnadóttir, rannsóknasérfræðingur við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands, og Ingi Björn Guðnason, bókmenntafræðingur og staðarhaldari á Hrafnseyri. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason, prófessorar emeriti hlutu styrk til kynningar á bókinni Icelandic Heritage in North America. Styrkirnir voru veittir til útgáfu bóka á sviði íslensk-kanadískra bókmennta og íslenskrar bókmennta- og menningarsögu. Heildarupphæð styrkja nam 1.800.000 krónum.

Skýrsla stjórnar

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu, frh.:

- Í júní hlutu Ágústa Eyjólfsdóttir, Birta Rakel Óskarsdóttir, Bjarki Leó Snorrason og Katrín Hólmgímsdóttir, öll þriðja árs nemar í læknisfræði við Háskóla Íslands, styrk úr Menntasjóði Læknadeildar til að vinna að BS-rannsóknarverkefni við erlenda háskóla. Heildarstyrkupphæð nam 1,4 milljónum króna.
- Í september hlaut Jón Valur Björnsson, nemandi á þriðja ári í stærðfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Sigurðar Helgasonar prófessors fyrir frábæran námsárangur. Verðlaunin nema 11.000 bandaríkjadöllum, jafnvirði um 1,5 milljóna króna.
- Í október voru veittir þrír styrkir til doktorsrannsókna í ljósmóður- og hjúkrunarfræði veittir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur við Háskóla Íslands þegar 50 ára afmæli kennslu í hjúkrunarfræði við skólann var fagnað. Styrkhafar voru Edythe Laquindanum Mangindin, doktorsnemi í ljósmóðurfræði, og Guðbjörg Pálsdóttir og Hrönn Birgisdóttir, doktorsnemar í hjúkrunarfræði. Heildarupphæð styrkja er 2 milljónir króna.
- Í október voru veittir fjórir styrkir til doktorsnema og fræðafólks á Menntavísindasviði Háskóla Íslands úr Sjóði Steingríms Arasonar. Verkefni tengjast m.a. bragðlaukajálfun í leikskólum, áhrifum bakslags í hinsegin málefnum á hinsegin kennara og fræðslu, áhrifum núvítundar á líðan nemenda og kennara og skrásetningu á sögu myndlistarkennslu. Styrkþegar voru Berglind Lilja Guðmundsdóttir doktorsnemi, Auður Magnús Auðardóttir lektor, Íris Ellenberger dósent, og Bryndís Jóna Jónsdóttir aðjunkt og Sandra Rebekka Önnudóttir Arnarsdóttir, doktorsnemi, allar á Menntavísindasviði. Heildarstyrkupphæð er kr. 1.250.000.
- Í október voru veittir styrkir til doktorsverkefna þriggja nemenda á Menntavísindasviði HÍ sem snerta leiklist í stærðfræðikennslu, áhrif næringarfræðslu á fæðuöryggi viðkvæmra hópa og áhrif leiðtoganáms Menntafléttu á kennsluhætti og stöðu skóla hafa hlotið styrk úr Styrktar- og rannsóknarsjóði Þuríðar J. Kristjánsdóttur. Styrkhafar voru Ásgerður Harris Jóhannesdóttir, Brittany Marie Repella og Ingileif Ástvaldsdóttir. Heildarstyrkupphæð er 1.500.000 kr.
- Í nóvember voru veittir þrír styrkir til rannsókna, sem allar tengjast taugastjórnun gervilima, hafa verið veittir úr Rannsóknarsjóði Össurar og Ottobock við Háskóla Íslands. Styrkhafar voru: Dr. Matija Strbac, Tecnalia Serbia Ltd., hlaut styrk til verkefnisins „SockEET - Smart liner for high resolution Control and feedback based on Embedded Electrodes“. Herman van den Kooij, prófessor við Tækniháskólann í Delft í Hollandi, hlaut styrk fyrir verkefnið „Stýring aflknúins öklagervilims, þar sem beitt er líkönum tauga- og stoðkerfis og veitt er endurgjöf skynjunar (PERSONIFY)“. Kristín Briem, prófessor við Námsbraut í sjúkraþjálfun við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut styrk til verkefnisins „Gerviganglimur með viljastýringu og endurgjöf skynupplýsinga“. Samanlögð upphæð styrkjanna er 117 milljónir króna en þetta er í fyrsta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Fyrstu styrkgreiðslur árið 2023 voru 46,9 milljón krónur.
- Í desember voru veittir átta námsstyrkir og einn styrkur til doktorsrannsóknar úr Þórsteinssjóði til blindra og sjónskertra stúdenta við Háskóla Íslands. Námsstyrki hlutu átta nemendur við Háskóla Íslands. Styrkhafar voru: Áslaug Ýr Hjartardóttir, MA-nemi í ritlist við Hugvísindasvið, Hólmfríður Guðmundsdóttir, MA-nemi í list og verkmenntakennslu við Menntavísindasvið, Júlíus Birgir Jóhannsson, BA-nemi í táknafræði við Hugvísindasvið, Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, BA-nemi í íslensku sem annað mál við Hugvísindasvið, Laufey Ýr Gunnarsdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu við Hugvísindasvið, Patrekur Andrés Axelsson, MS-nemi í sjúkraþjálfunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið, Sandra Dögg Guðmundsdóttir, BS-nemi í sálfræði við Heilbrigðisvísindasvið, og Sandra Sif Gunnarsdóttir, MS-nemi í klínískri sálfræði við Heilbrigðisvísindasvið. Rannsóknarstýrkinn hlaut Eliona Gjecaj, doktorsnemi í fötlunarfræði við Félagsvísindasvið, fyrir doktorsrannsókn sína „Fatlaðar konur og ofbeldi: Aðgengi að réttlæti“. Þetta var í tólfth skipti sem styrkjum er úthlutað úr sjóðnum og nam upphæð styrkjanna samtals 10 milljónum króna.
- Í desember hlutu rannsóknir og vísindamiðlunarverkefni sem snerta m.a. sólmyrkvann 2026, kjarnorkuvopnakkphlaup Bandaríkjanna og Rússlands, Vísindakakó fyrir fróðleiksfús ungmenni, nýsköpun í sálfræði á 19. og 20. öld og sögu rannsókna á segulsviði jarðar styrki úr Vísindum og velferð: Styrktarsjóði Sigrúnar og Þorsteins. Styrkhafar voru Ármann Pétursson, Davíð Fjölur Ármannsson og Martin Jónas B. Swift, Elisa Johanna Piispa, Jörgen L. Pind, Sævar Helgi Bragason og Tjörvi Schiöth. Heildarupphæð styrkja var 5.000.000 króna.
- Árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar fór fram í desember. Sjóðurinn styrkir árlega efnilega nema í verkfræði við Háskóla Íslands til framhaldsnáms í greininni. Sá nemandi sem er með hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í grunnnámi hlýtur styrkinn hverju sinni. Trausti Lúkas Adamsson, BS-nemi á þriðja ári í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, hlaut styrk að upphæð kr. 400.000.

Skýrsla stjórnar

Aðrir sjóðir í vörslu Háskóla Íslands:

- Þrjátíu og fjórir nýnemar í Háskóla Íslands hlutu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands í ágúst. Styrkþegarnir koma alls staðar af landinu og voru skráðir í 24 námsleiðir. Þetta var í sextánda sinn sem styrkjum er úthlutað úr sjóðnum. Styrkþegarnir eiga það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri í námi til stúdentsprófs. Við mat á styrkþegum er einnig horft til virkni í félagsstörfum í framhaldsskóla og árangurs á öðrum sviðum, til dæmis í listum eða íþróttum. Þá leitast stjórn sjóðsins við að styrkja nýnema sem sýnt hafa fram á sérstakar framfarir í námi eða góðan námsárangur þrátt fyrir erfiðar aðstæður.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2024.
- Sáttmálasjóður í umsjón Háskóla Íslands á sér sögulegar rætur innan Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Sjóðurinn veitir ferðastyrki til fastra kennara og starfsmanna við Háskóla Íslands og frá árinu 2010 hafa þessir styrkir verið fjármagnaðir af háskólanum.

Veittir voru samtals 368 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 214 ferðastyrkir úr Sáttmálasjóði, 27 doktorsstyrkir, þar af 13 styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins, 11 styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 2 styrkir frá Vísindagörðum Háskóla Íslands og 1 styrkur úr Menningar- og framfarasjóði Ludvig Storr. 34 nýnemastyrkir voru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 93 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2023 eru ársreikningar 47 sjálfstæðra sjóða. Heildarupphæð úthlutaðra styrkja árið 2023 er kr. 125.895.023.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2023 eru þessar:

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2023 nam kr. 3.579.097.516 og voru gjöld umfram tekjur á árinu kr. 17.712.269. Hrein eign Styrktarsjóðanna lækkaði á árinu um 17.712.269 kr., úr kr. 3.596.809.785 í kr. 3.579.097.516. Verðbréf og bankainnistæður Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka voru kr. 2.833.418.595.

Fyrirkomulag fjárfestinga Styrktarsjóða Háskóla Íslands er að Íslandsbanki hefur stofnað sérstakan sjóð sem ber nafnið STYRKHI og er samansettur af öllum eldri eignum sjóðanna og eiga nú hver og einn sjóður ákveðinn fjölda staka í þessum í nýja sjóði. Gengi sjóðsins var í ársbyrjun 1.385,25 kr. og hefur það hækkað upp í 1.458,5 kr. í árslok eða 5,3% ávöxtun á árinu.

Fjárfestingarstefna Styrktarsjóðanna krefur á um 3,5% langtímarauðvöxtun.

Bókfært tap sjóðanna árið 2023 var kr. 17.712.269, samanborið við kr. 84.433.162 tap árið 2022. Tap ársins skýrist fyrst og fremst af veittum styrkjum á árinu ásamt lækkun fasteignamats fjárfestingarfasteignar í eigu sjóðanna.

Heildareign allra sjóða 31. desember 2023, samkvæmt reikningsskilunum, nam kr. 3.647.658.942.

Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2023, ásamt skýringum og sundurliðun eftir sjóðum. Einnig fylgja rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum. Sjóður Selmu og Kay er ekki inni í sameiginlega safninu á árunum 2020, 2021, 2022 og 2023 þar sem upplýsingar um fjárhag sjóðsins bárust ekki tímanlega.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og umsjónaraðilar Styrktarsjóða Háskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðs fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 2. júlí 2024

Gylfi Magnússon,
formaður stjórnar

Valgerður Sólmes,
meðstjórnandi

Jóhann Ómarsson,
meðstjórnandi

Jenný Bára Jensdóttir,
fjármálastjóri Háskóla Íslands

Helga Brá Árnadóttir,
verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi sameiginlegan ársreikning Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2023, sem samanstendur af 47 sjóðum, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðanna á árinu 2023, efnahag þeirra 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Sameiginlegan rekstrarreikning ársins 2023.
 - Sameiginlegan efnahagsreikning 31. desember 2023.
 - Sameiginlegt sjóðstreymi fyrir árið 2023.
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sjóðunum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðanna. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðanna ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðanna að meta hæfi þeirra til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðina upp eða hætta rekstri þeirra, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þeirra. Stjórnendum sjóðanna ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðanna.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sjóðanna eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þeirra. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðirnir verði ekki lengur rekstrarhæfir.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 2. júlí 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir
löggtur endurskoðandi

Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	11	24.185.728	11.865.165
Verðhækkun (-lækkun) verðbréfa	5, 12	144.839.609	(162.554.734)
Gengismunur	13	(13.109.354)	27.652.042
Fjármagnstekjuskattur		<u>(6.988.042)</u>	<u>(16.341.908)</u>
		148.927.941	(139.379.435)
Rekstrartekjur			
Framlög	14	3.090.196	1.564.000
Leigutekjur fasteignar Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr		83.317.967	66.451.852
Aðrar tekjur	15	<u>2.226.029</u>	<u>1.970.390</u>
		88.634.192	69.986.242
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir	16	125.895.023	68.557.760
Kostnaður við fasteign Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr		23.059.841	12.474.314
Annar rekstrarkostnaður Menningar og framfarasjóðs Ludvig Storr	3, 17	35.185.298	29.191.423
Annar rekstrarkostnaður	3, 17	<u>17.972.989</u>	<u>17.386.076</u>
		202.113.151	127.609.573
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir matsbreytingu		35.448.982	(197.002.766)
Matsbreyting fjárfestingarfasteignar	4	(44.300.000)	89.200.000
Áhrif hlutdeildarféлага			
Hlutdeild í rekstrarniðurstöðu Háskólabíós	1.7	(8.861.251)	23.369.604
Gjöld umfram tekjur	10	<u>(17.712.269)</u>	<u>(84.433.162)</u>

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýringar	2023	2022
Eignir			
Fjárfestingarfasteign	4	619.750.000	664.050.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	6, 19	2.520.602.172	2.441.999.297
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum fyrirtækjum	7	140.264.524	149.125.775
Aðrar eignir	20	4.852.451	16.369.638
Handbært fé	8, 18	362.189.795	385.409.871
		<u>3.647.658.942</u>	<u>3.656.954.581</u>
Eignir samtals		<u>3.647.658.942</u>	<u>3.656.954.581</u>
Eigið fé			
Bundinn höfuðstóll		2.261.290.526	2.129.990.831
Óbundinn höfuðstóll		1.317.806.990	1.466.818.954
	9, 10, 21	<u>3.579.097.516</u>	<u>3.596.809.785</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	22	68.561.426	60.144.796
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.647.658.942</u>	<u>3.656.954.581</u>

Sameiginlegt sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Gjöld umfram tekjur		(17.712.269)	(84.433.162)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengisbreyting verðbréfaeigna		(144.839.609)	162.554.734
Matsbreyting fjárfestingarfasteignar		44.300.000	(89.200.000)
Hlutdeild í rekstrarniðurstöðu Háskólabíós		8.861.251	(23.369.604)
Fjármagnstekjuskattur		6.988.042	16.341.908
		<u>(102.402.585)</u>	<u>(18.106.124)</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengda eigna:			
Aðrar eignir		20.378.438	(28.301.765)
(Lækkun) hækkun rekstrartengda skulda:			
Skammtímaskuldir		8.416.630	19.949.219
Handbært fé (til rekstrar)		(73.607.517)	(26.458.670)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð verðbréfa		(21.110.570)	(191.949.676)
Söluverð verðbréfa		71.498.011	258.226.419
		<u>50.387.441</u>	<u>66.276.743</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Innborgað stofnfé		0	53.923.622
		<u>0</u>	<u>53.923.622</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(23.220.076)	93.741.695
Handbært fé í byrjun tímabils		385.409.871	291.668.176
Handbært fé í árslok		<u>362.189.795</u>	<u>385.409.871</u>
Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:			
Greiddir vextir		(281.009)	(1.988.984)
Innborgaðar vaxtatekjur		24.185.728	11.865.165

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Inni í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fjörutíu og sjö sjóðir. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands eru með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðanna er að Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík.

1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan, fyrir utan reikningsskilaaðferð sem snýr að fjárfestingarfasteignum, sjá nánar í skýringu 4. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Reikningsskilin eru unnin á grundvelli kostnaðarverðs að undanskyldum fjárfestingarfasteignum og eignum í verðbréfasjóðum og hlutabréfum, en fjárfestingarfasteignir og eign í verðbréfasjóðum og hlutabréfum eru færð á gangvirði.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2. Innlausn tekna

